



# Staðgengilstrygging vegna slysa og/eða sjúkdóma

## Vátryggingarskilmálar nr. ST20

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ST20.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

- Vátryggður
- Bótasvið
- Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
- Áhættubreyting
- Útreikningur iðgjalds
- Greiðsla iðgjalds
- Endurgreiðsla iðgjalds
- Vátryggingarfjárhæð
- Ákvörðun bóta
- Aldurstakmörk
- Tvítrygging
- Fyrning

### 1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

### 2. Bótasvið

- Vátryggingin bætir sannanleg aukin útgjöld vegna launakostnaðar við andlát eða tímabundin forföll starfsmanns vátryggðs sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun vegna slyss eða sjúkdóma.
- Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.
- Það er skilyrði bótaskyldu úr vátryggingu þessari að fyrir hendi sé slysatrygging eða sjúkra- og slysatrygging hjá félaginu sem greiðir bætur vegna þess slyss eða sjúkdóms sem olli forföllunum.
- Bótaþættir sem vátryggingin tekur til koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

*Vátryggingin bætir ekki:*

- Aukin útgjöld ef starfsmaður vátryggðs verður óvinnufær að hluta.

### 3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- Styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

### 4. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu án ástæðulauss dráttar ef starfsmaður skiptir um starf hjá honum. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar verði hlutfallslega lækkuð, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 5. Útreikningur iðgjalds

- Iðgjald vátryggingarinnar ákvarðast af starfi og aldri starfsmanns vátryggðs.
- Iðgjald breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við aldur starfsmanns vátryggðs og breytingar á vísitölu neysliverðs.

### 6. Greiðsla iðgjalds

- Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið



iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

## 8. Vátryggingarfjárhæð

Hámarks mánaðarlegar bótafjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 9. Ákvörðun bóta

- 9.1 Bætur greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
  - 9.1.1 Við andlát eru greidd laun staðgengils í allt að þrjú mánuði.
  - 9.1.2 Bætur vegna forfalla starfsmanns vátryggðs eru reiknaðar hlutfallslega af mánaðarlegum bótafjárhæðum eftir því hvað foröllin vara lengi.
- 9.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá því að starfsmaður vátryggðs forfallast og þar til greiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddar bætur.
- 9.3 Ef þörf krefur að mati félagsins skal vátryggingartaki veita félaginu aðgang að

bókhaldsgögnum og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna aukins launakostnaðar.

## 10. Aldurstakmark

Vátryggingin fellur úr gildi þegar eitt ár er liðið frá fyrsta gjalddaga eftir að starfsmaður vátryggðs náði 66 ára aldri.

## 11. Tvítrygging

- 11.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 11.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 11.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 12. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 13. desember 2010.